

Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu

Jafnréttisáætlun þessi tekur til allrar starfsemi Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Stefna

Skólinn skal vera vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði kynjanna er virt í hvívetna. Allt starfsfólk og nemendur skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína í starfi og námi og eiga ekki að sæta mismun. Gagnkvæm virðing skal hvarvetna höfð í fyrirrúmi.

Skólinn starfar eftir þeirri grundvallarreglu að allir séu jafnir fyrir lögum og njóti mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, búsetu, ætternis, stöðu, fötlunar, geðraskana eða námserfiðleika. Í skólanum njóti því nemendur og starfsfólk jafns réttar sbr. 2. gr. laga nr. [92/2008](#).

Allt starfsfólk Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu skal njóta jafnra tækifæra og réttinda. Kynbundin mismunun er óheimil í hvaða formi sem hún birtist. Hjá stofnuninni skal ríkja launajafnrétti, gæta skal jafnræðis við ráðningar í laus störf sem og þegar teknar eru ákvarðanir um starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun starfsfólks.

Starfsfólki Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu, óháð kyni og njóta sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki undir neinum kringumstæðum liðin innan skólans. Sérstaklega skal gætt að því að kynjum sé ekki mismunað við gerð kennslu- og námsgagna.

Markmið

Er að vera eftirsóknarverður vinnustaður, fyrir starfsfólk og nemendur, þar sem jafnrétti og jafnræði er virt í hvívetna. Staður þar sem unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og tryggja að framlag hvers og eins sé metið að verðleikum án tillits til kyns, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta sbr. lög nr. 86/2018 og lög nr. 150/2020.

Framkvæmd

Í skólanum er jafnréttisfulltrúi og er hlutverk hans að framfylgja jafnréttisáætlun skólans og vinna að endurskoðun hennar í samráði við skólameistara. Jafnréttisfulltrúi fjallar einnig um mál sem upp kunna að koma varðandi brot á jafnréttisstefnu skólans. Telji starfsmaður eða nemandi að jafnréttisreglur séu brotnar eða að farið sé á svig við jafnréttisáætlun skólans



skal hann leita til jafnréttisfulltrúa. Úrlausn hvers máls skal unnin í samráði við skólameistara og þaðan vísað í þann farveg sem best hentar hverju máli.

Samþætta skal umræðu um jafnrétti kynjanna í öllum námsgreinum og allri starfsemi skólans svo að jafnrétti sé eðlilegur þáttur skólastarfsins.

Spurningar um jafnréttismál séu ávallt uppi á borðinu við allar ákvarðanatökur í skólanum til að fyrirbyggja misrétti af einhverju tagi. Þetta á m.a. við um ráðningar starfsfólks, auglýsingar og annað birt efni á vegum skólans, starfsþróun og endurmenntun og starfsskilyrði. Í öllu skólastarfi tileinkum við okkur viðeigandi orðaforða og er að finna finna gott ítarefni í lögum frá 2020 er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: (2. gr. laga nr. [150/2020](#)).

Áætlun þessi gyldir til: 01.10 2026